

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

---

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 2 5.

---

Stefán Kristjánsson.

---

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1925.

## S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggið á árinu:

Eldiviður	610	hestburðir	
Birgðir f. f. ári	54	"	664 hestb.
Sent til R.vík.	7	1/2 "	
Selt hér á árinu	75	1/2 "	
Til aðgerðar á girð.	3	"	
Til kolagerðar	18	"	
Eldiv. skógarv.	169	"	
Leyft högg ( eldiv.)	246	"	519 "
Fyrirliggjandi 31/12			145 hestb.

( sjá kolagerð síðu 2. )

## G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr reitnum:

Birki	1.277	stk.
Reynir	239	-
Ribs	39	-
Viðikurl	50	
Samt.	<u>1.605</u>	stk.

Af þessu voru skógræktarstjóra sendar 500 birkiplöntur.

## Ý m i s l e g t:

Fræ var alls ekkert á skóginum á bessu hausti.

Enn hafa verið gerðir nokkrir girðingarstólpar úr steinsteypu, og settir í girðinguna, þar sem gömlu staurarnir eru orðnir ónýtir.

Í fyrra veturn rétt eftir áramótin, hljópsnjóflóð á girðinguna suður við syðra hornið. Tók það 32 stólpa og sleit niður allan vírinn á 200 m. löngu svæði, frá hornstólpanum út að Grænum. Nú í veturn um jólaleitið, hefir aftur hlaupið snjóflóð á sama stað, og eyðilagt girðinguna á löngu svæði.

Tilraunareitirnir í skóginum voru mældir í haust í október mánuði og skyrsla um þá mælingu gerð og send strax að mælingunni lokinni eins og venja hefir verið.

Samkvæmt ósk ungmannafélags í Axarfirði, fór ég í sumar þangað austur, til þess að leiðbeina við grisjun á skógi. Var þar stefnt saman í Ferjubakkakinn, nokkrum mönnum, grisjuðu þeir þar dálitinnum blett, eftir því sem ég merkti og sagði fyrir. Virðist vera nokkur álgúgi hjá nokkrum mönnum þar, um að bæta meðferð skóganna frá því sem verið hefir, enda veitir ekki af að einhver lagfæring komist þar á, að því er skógarhögg snertir. Var ég í þessari ferð í sjö daga.

Auk þess fór ég ekki í ferðir fyrir skógræktina, nema eina ferð til Akureyrar í vor og var þá tvo daga að heiman, aðra ferð að Grund i. haust til að líta eftir reitnum þar, og leita að lerkifræi. Fann ég um 20 köngla, flesta mjög smáa, sem ég sendi skógræktarstjóra í nóvember.

Kolagerð:

Til kolagerðar var tekinn úrkastsviður, af þeim viði, sem höggvinn var í vor, og átti að velja úr efnivið, sem sendast skyldi til Reykjavíkur. Gengu til þess 18 hestb., er því kostnaður við að fella trén, sem höfð voru til kolagerðar, ekki talinn með kostnaði við kolagerðina, heldur er hann undir kostnaði við högg. Sömuleiðis er talinn samdráttur og sortering á efni við undir högg.

Við kolabrennsluna fengust 300 kg. af kolum, voru þau öll send skógræktarstjóra í haust.

Virðingarfyllst,

Vöglum 9. jan. 1926.

Stefán Kristjánsson.